

Danska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- skilji og geti farið eftir fyrirmælum
- skilji þegar talað er við þá um efni sem þeir þekkja og hafa fengist við
- geti lesið og skilið léttar greinar og smásögur
- beiti mismunandi lestraraðferðum (leitarlesti, yfirlitslestri, hraðlestri og nákvæmislestri)
- geti átt í einföldum orðaskiptum við aðra og haldið samræðum gangandi
- geti endursagt texta eða frásagnir
- geti skrifað stuttan texta, þar sem þeir nota orðaforða sem þeir hafa tileinkað sér í gegnum lestur, hlustun og verkefnavinnu
- kynnist menningu, siðum og fleiru sem tengist Danmörku
- fái þjálfun í danskri málfræði og geti nýtt sér hana í töluðu máli og ritun.

Námsefni

Tænk lesbók og vinnubók B

Dejlige Danmark – lesbók, vinnubók, hlustunar- og talæfingar

Smásögur

Bíómyndir/og eða þættir og verkefni tengd þeim

Málfræðiæfingar

Annað efni frá kennara

Kennsluform

Nemendur lesa sjálfstætt í lesbók og vinna verkefni í vinnubók. Hlustunaræfingar sem tengjast efninu verða teknar fyrir, sem og talæfingar. Áhersla verður lögð á að efla munnlega færni nemenda, t.d. með formlegum talæfingum og spjalli í kennslustundum. Nemendur vinna stærri verkefni í hópum eða pörum.

Námsmat

Í dönsku er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

- ástundun 15%
- vinnubrögð og vinnubækur 15%
- kannanir, munnlegt próf og skilaverkefni 70%

Enska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfri framburð með hlustun og tali
- rifji upp undirstöðuatriði enskrar málfræði og nýjum atriðum bætt við
- auki orðaforða með lestri og hlustun
- þjálfist í stafsetningu og ritun
- geti skrifað texta í mismunandi tilgangi

Námsefni

New Matrix Preintermediate Student's book/Work book

Move on, textabók með verkefnum

Greinar úr dagblöðum

Smásögur.

Kennsluform

Nemendur vinna verkefni í textabók og verkefnabók heima eða í tímum.

Tal- og hlustunarverkefni unnin í tímum.

Ritun þjálfuð í tímum og sem heimavinna.

Enska verði notuð eins og kostur er sem samskiptamál í tímum.

Námsmat

Í ensku er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

- kannanir 30%
- ritun 15%
- ástundun og virkni 35%
- vinnubók og vinnubrögð 20%

Íslenska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- þjálfist í lestri ólíkra texta frá ýmsum tímum
- þjálfist í að gera grein fyrir því sem þeir hafa lesið og segja skoðun sína á því
- geti aflað sér heimilda um tiltekið viðfangsefni
- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með látbragði, tónfalli og áherslum
- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða
- öðlist sjálfsöryggi í framsögn og framkomu
- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur eða frásagnir annarra
- geti tekið saman aðalatriði þess sem hann hefur hlustað á (s.s. glósað eða endursagt)
- kannist við allar stafsetningarreglur og reglur um greinamerkjasetningu
- nái tökum á eðlilegri byggingu ritaðs máls og áframhaldandi þjálfun heimildaritunar
- kynnist völdum Íslendingasögum með því að lesa forntexta og vinna verkefni í tengslum við lesturinn
- læri um hugtök tengd mismunandi formi og byggingu ljóða
- kynnist nútímabókmenntum með lestri valdra bóka.
- þekki orðflokkana og einkenni þeirra
- kynnist helstu hugtökum í setningafræði
- læri um helstu hugtök í tengslum við orðmyndun og orðhluta
- geti flett upp og nýtt sér málfræðilegar leiðbeiningar
- þekki hljóðbreytingar

Námsefni

Málfinnur, Skriffinnur

Gullvör 2

Finnur 2

Sagnorð

Bárðar saga Snæfellsáss

Korkusaga (Við Urðarbrunn)

Efni af veraldarvef

Vinnublöð frá kennara

Kennsluform

Nemendur vinna hver á sínum hraða ýmist einir sér eða í hópum. Reynt verður að koma til móts við áhuga og þarfir nemenda við skipulagningu kennslu og yfirferð námsefnis. Áhersla verður lögð á að efla sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur vinna bókmenntaverkefni á haustönn og heimildaritgerð á vorönn.

Námsmat

Í íslensku er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

að hausti

- kannanir 40%
- bókmenntaritgerð 15%
- ástundun og virkni 20%
- vinnubók og vinnubrögð 15%
- stafsetning 10%

að vori

- kannanir 40%
- ritunarverkefni 20%
- ástundun og virkni 20%
- vinnubók og vinnubrögð 10%
- stafsetning 10%

Íþróttir

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli þol, styrk, kraft og liðleika
- skilji mikilvægi reglubundinnar líkamsræktar og finni til þess leiðir við sitt hæfi
- fái aukið sjálfstraust, viljastyrk og áræði
- fræðist um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd
- fái stuðning við þroskaferli í öðrum námsgreinum
- fari eftir reglum og virði þær

Námefni

Útileikir, leikir, körfubolti, fitness, fótbolti, stöðvar, cooper próf, píptest, liðleikapróf, sipp-próf, bandý, skólahreysti, handbolti, frjálssar íþróttir, badminton, útihlaup.

Námsmat

- próf (cooper, píptest, langstökk án atr., kúluvarp, liðleiki og sipp) 50%
- mæting, virkni, áhugi og framkoma 25%
- gögn 25%

Náttúrufræði (líffræði)

Námsmarkmið

Stefnt að því að nemendur

Lífvisindi

- þekki algengustu frumefni og efnasambönd sem frumur eru gerðar úr
- þekki helstu frumulíffæri og starfsemi þeirra
- þekki helstu gerðir frumna
- þekki fjölbreytileika vefja og hvernig vefir mynda líffæri
- þekki starfsemi helstu líffærakerfa og hvernig jafnvægi er viðhaldið í starfsemi líkamans
- skilji tengsl innihaldsefna í matvælum við starfsemi líkamans
- átti sig á mikilvægi ábyrgðar kynhegðunar

Áttahagafræði

- læri um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, viti hvað hugtökin þjóðgarður og “friðað svæði” fela í sér
- kynnist reglum um umgengni í þjóðgarði og átti sig á þýðinu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls fyrir líf í Snæfellsbæ nútímans
- læri um jarðfræði Snæfellsbæjar, sögu eldstöðva og virkni þeirra, bergtegundir innan sveitarfélagsins og öðlist dálitla færni í að þekkja sundur bergtegundir

Námsefni

Mannslíkaminn

Kennsluform

Útlistunarkennsla, verkefnavinna, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir, hópvinna og glósutækni.

Námsmat

Í líffræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun 15%
- vinnubók og verkefni 30%
- kannanir 55%

Lífsleikni

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- viti af hættum samfara neyslu ávana- og fíkniefna
- verði meðvitaðir um samhengi hirðusemi og hollra lífsvenja við að ráða við álag, streitu og kröfur í dagsins önn
- læri að veга og meta áhrif fyrirmýnda og staðalmynda í mótun eigin ímyndar og lífstíls
- ræði um hvaða þættir geta haft áhrif á sjálfsmýnd og sjálfstraust
- fjalli um þátt tilfinninga í samskiptum og læri að veга og meta hvenær samskipti og hegðun falla utan þess ramma sem lög og reglur setja
- læri að hlusta og taka þátt í samræðum um hin ýmsu málefni

Námsefni

Að ná tókum á tilverunni

Forvarnarefni ýmis konar

Ég er það sem ég vel f. 9. bekk

Olweusaráætlunin

Kennsluform

Umræður (bekkjarfundir), fyrirlestrar og verkefni, ýmist einstaklings- eða hópvinna.

Námsmat

Í lífsleikni er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- Virkni og þátttaka í umræðum 100%

Samfélagsfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- átti sig á hvaða vandkvæði eru á að flytja upplýsingar um hnött yfir á flatt blað og læri að nota bauganet jarðar við nákvæma staðsetningu
- kynnist því hvaða atriði stýra vali á kortvörpun við kortagerð
- þekki legu miðbaugs, heimskautsbauga, póla, daglínu og núlllengdarbaugsins
- kynnist helstu litum, letri og táknum á landakortum og átti sig á hvernig mælikvarði korta setur skorður við þeim upplýsingum sem hægt er að koma fyrir á landakorti
- skilji hvernig tímakerfi okkar byggist á lengdarbaugum jarðar
- átti sig á að landakort eru gjarnan flokkuð eftir mælikvarða í kort í stórum mælikvarða (minni en 1:250 000) eða kort í litlum mælikvarða (stærri en 1:250 000)
- fái yfirlit yfir sólkerfið, göngu jarðar og tungls, árstíðaskipti, sólarhæð, dægurskipti, tímabelti og sjávarföll
- þekki innri gerð jarðar í grófum dráttum, þ.e. skiptingu hennar í jarðskorpu, möttul og kjarna og fjalli um hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og átti sig á að landrek er orsök jarðskjálfta og eldgosa
- skilji í grófum dráttum hvernig yfirborð jarðar hefur þróast í rás jarðsögunnar og skilji í grófum dráttum hvernig mismunandi bergtegundir hafa orðið til
- skilji hvernig vindar verða til og hvers vegna þeir blása í ólíkar áttir á ólíkum stöðum á jörðinni og þekki mestu hafstrauma jarðar, orsök þeirra og áhrif á loftslag strandsvæða
- skilji að úrkoma orsakast af því að rakt loft rís og kólnar og skilji tengsl úrkomu og þess að fjall knýr loft til að stíga, að hlýr og kaldur loftmassi mætast eða að heitt land veldur uppstreymi lofts
- þekki mikilvægi vatnsorku (fallvatna og jarðhita) á Íslandi og hvernig hún er nýtt og kynnist því hvernig menn nýta náttúruauðlindir m.a. við öflun matar og orku
- átti sig á merkingu hugtaksins sjálfbær þróun

Námsefni

Landafræði handa unglíngum I. hefti

Kennsluform

Nemendum er ætlað að lesa tiltekið námsefni, umræður fara fram í kennslustundum auk þess sem unnin eru verkefni.

Námsmat

Í samfélagsfræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

Stærðfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Stærðfræði og tungumál

- lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, almenn brot, tugabrot, veldi og prósentur af ýmsu tagi
- fari rétt með algeng stærðfræðiheiti og tákn, s.s. aðgerðarmerki, jafnaðarmerki og sviga
- taki þátt í samstarfsverkefnum með bekkjarfélögum þar sem reynir á þessa færni og þátttöku hans í umræðum um lausnarleiðir og niðurstöður

Lausnir verkefna og þrauta

- venjist því að lausnarleit getur kostað fyrirhöfn og þolinmæði og kynnist því að hægt er að nálgast erfið verkefni með því að skoða fyrst einfaldari verkefni af sama toga og með því að prófa hvað gerist ef gefnar eru viðbótarupplýsingar eða gefnum upplýsingum hnikað til þannig að samt standi eftir hliðstætt verkefni
- fáist við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram; þrautirnar geti falið í sér ólíkar samsetningar rúmfræðihugtaka, talna og rökhusunar

Röksamhengi og röksemdafærslur

- sjái og fáist við dæmi sem undirstrika mikilvægi þess að viðhafa skýra röksemdafærslu og kerfisbundna framsetningu tengsl við daglegt líf og önnur svið
- kynnist dæmum og vinni verkefni um notkun stærðfræði í nútímaþjóðfélagi
- vinni með tímareikninga og lengdar- og flatarmælingar marghyrninga og hringa, einkum í metrakerfi
- kynnist sögu þess hvernig menn hafa reiknað hlutfallið milli ummáls og þvermáls hrings, m.a. með því að kynna sér hvernig Arkimedes fjallaði um þessa hluti

Tölur

- vinni með veldareglur um heiltöluveldi
- vinni með frumtölur og frumtölupáttun, noti frumtölupáttun við styttingu brota og átti sig á því að ein tala gengur upp í annarri ef allir frumpættir hinnar fyrri felast í hinni seinni
- breyti endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot með gefinni nákvæmni
- skoði eðli tugakerfisins með því að bera það saman við önnur talnakerfi, s.s. sextugakerfi eða tvíundarkerfi

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- átti sig á samlagningarandhverfum
- vinni með formerkjareglur um reikninga með neikvæðum tölum
- vinni með veldi sem endurtekna margföldun, deilingu sem endurtekinn frádrátt og deilingu sem skiptingu
- öðlist leikni í reikniaðgerðum með ræðum tölum, viti hvenær finna þarf samnefnara og hvenær ekki og hvers vegna

- kynnist staðalformi og kostum þess og reikni með tugveldum
- þrói með sér leikni í að reikna samsett dæmi af ýmsu tagi og hafi fullt vald á forgangsröð aðgerða
- noti reiknivél til að reikna samsett dæmi með veldum og svigum og noti fastann í útreikningum á reiknivél
- venjist því að nota hugarreikning til að meta trúverðugleika útkomu sem fengin er með öðrum hætti, t.d. með töflureikni

Hlutföll og prósentur

- skipti stærðum í margvíslegum hlutföllum
- vinni með mælikvarða og hlutföll
- vinni með hlutföll í daglegu lífi og viðskiptum, t.d. reikni milli gjaldmiðla og breyti mataruppskriftum
- öðlist færni í prósentureikningi þar sem finna þarf prósentu, hluta og heild og geti reiknað breytingar og mismun í hundraðshlutum

Mynstur og algebra

- noti algebru til að tákna samband stærða með formúlum, t.d. í rúmfræði eða verslunarreikningi, og hafi innsýn í hvernig breyting á einni stærð hefur áhrif á aðrar stærðir
- vinni áfram að lausn á fyrsta stigs jöfnum með einni óþekktri stærð með áherslu á rökrétta notkun jafnaðarmerkis
- leysi orðadæmi með því að setja upp og leysa fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð
- noti víxlreglu, tengireglu og dreifireglu til að einfalda táknaðar samstæður
- nái valdi á veldareglum fyrir heiltöluveldi
- geri skýran greinarmun á jöfnu og stæðu og æfist í einföldun slíkra táknaðar samstæðna

Rúmfræði

- tileinki sér hugtakið hringur og hugtök honum tengd, s.s. þvermál, geisli, bogi og hringgeiri, samsíða, hornréttur, strendingur, teningur og sívalningur, fari rétt með heiti þeirra og geti lýst þessum hugtökum, borið þau saman og flokkað
- noti hringfara og reglustiku til að finna miðju striks, teikna horn og tvískipta horni
- þjálfist í aðferðum við hornamælingar, hornaútreikninga, flatarmáls- og ummálsreikninga, bæði marghyrninga og hringa
- reikni rúmmál og yfirborðsflatarmál réttra strendinga, þrístrendinga og sívalninga
- geri sér grein fyrir óvissu í mælingum, t.d. með tilraunum með endurtekna mælingar á sama hlut
- kynnist öðrum aðferðum við að lýsa staðsetningu með hnitum
- kynnist samhverfum í skreytilist og búi til mynstur með beitingu rúmfræðilegra færslna, t.d. með því að þekja fleti með marghyrningum (flísalögn)
- tileinki sér regluna um hornasummu þríhyrnings og noti regluna til að finna hornasummur marghyrninga

Tölfræði og líkindafræði

- vinni með og skilji hugtökin tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi
- kynnist hugtakinu úrtak
- setji fram og túlki tíðnitöflur, súlurit, skífurit, línurit og noti aðrar einfaldar aðferðir við framsetningu og lýsingu tölulegra gagna
- sjái og greini villur eða villandi upplýsingar í framsetningu tölulegra gagna, s.s. þar sem mælikvarði á tíðniás er óreglulegur, hlutföll í myndum eru röng og hlutfallstíðni er rangt reiknuð
- fáist við líkindafræðileg verkefni sem tengjast daglegu lífi eða málefnum sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélaginu, t.d. úrtakskönnunum og happdrættisleikjum

Námsefni

8 – 10 stærðfræði, bækur 3 og 4

Efni frá kennara

Veraldarvefurinn (Rasmus)

Námsleiðir

Almenn innlögn þegar þess er þörf. Kennari veitir einstaklingsbundna aðstoð við lausn á dæmum og verkefnum. Nemendur vinna saman í hópum þegar það á við. Útskýringar og dæmi á töflu. Nemendur vinna heima eftir þörfum og getu.

Námsmat

Í stærðfræði er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

- kannanir 40%
- vinnubók 10%
- ástundun 15%
- önnur verkefni 15%
- heimadæmi 20%

Sund

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- náí nauðsynlegri sundfærni skv. aðalnámskrá (9. stig)
- auki þol, styrk, kraft og tækni
- kynnist flugsundi
- kynnist ýmsum möguleikum til sundíþróttar

Námsefni

Hjálpargögn: korkur, boltar, hringir, flothringir o.fl.

Kennsluform

Fyrirlestrar kennara, sýni- og munnleg kennsla. Endurtekningaraðferðin. Leikir og þrautir.

Námsmat

Í sunni er gefin skólaeinkunn að hausti og vori og prófseinkunn að vori.

- Mæting, virkni og viðhorf til viðfangsefna.

9. sundstig (lokið/ólókið)

- 500m þolsund; nemendi syndir lágmark 3 sundaðferðir og hverja aðferð eiga skemur en 75m
- sund í fötum; stunga af bakka, 50m sund þar af 8-10m í kafi, troða marvaða og afklæðast á sunni og synda til baka sömu vegalengd
- 25m flugsund
- val nemenda 2 atriði af 3, tímataka: 100m bringusund, 50m skriðsund eða 25m baksund (tímalágmark)

Tölvur

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunotkunar
- kynnist tölvunni sem tæki til náms og annarrar vinnu
- kundi að skrifa texta, myndskreyta og prenta út
- nái tökum á rétttri fingrasetningu
- geti vistað og náð í skjöl
- geti geymt upplýsingar með skiplögðum hætti
- beiti rétttri fingrasetningu við innslátt og hafi náð sæmilegum hraða
- kundi að nota töflureikni til ýmiskonar útreikninga
- geti notað upplýsingatækni til að flytja fyrirlestur

Námsefni

Office 2010

Kennsluform

Kennslan fer fram í tölvustofunni þar sem nemendur vinna verkefni sjálfstætt.

Námsmat

Í tölvum er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- vinnubrögð, vinnusemi, frumkvæði og framkoma 60%
- verkefni 40%